

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Kjósarhreppi.

*Ennisbyggð, frístundabyggð í landi Háls.*

Í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti hreppsnefnd Kjósarhrepps 7. apríl 2021 óverulega breytingu á deiliskipulagi Háls.

Í gildandi deiliskipulagi Ennisbyggðar, frístundabyggðar í landi Háls, samþykktu 7. október 2020, kemur m.a. fram í greinagerð um frístundahús, að þakhalli skuli vera á bilinu 20°-45° og að æskilegt þakform sé hefðbundið mænisþak.

Breytingin tekur einungis til Hálsenda 9, L126098, þar sem heimilt verður að hafa einhalla þak, sem væri með um 5° halla.

Engar breytingar eru gerðar á öðrum skipulags- og byggingarskilmálum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Kjósarhreppi, 18. maí 2022.*

**Sigurður H. Ólafsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 2. júní 2022